

ERLR2HE03

Búið til: Tue, 25 Feb 2020 13:39:57 GMT

Titill	HELP - Health and Ecology: Less Pollution
Skammstöfun	ERLE2HE03
Útgáfunúmer	7
Námsgrein	erlend samskipti
Viðfangsefni	Heilsa og vistkerfi
Staða	Samþykkt af skóla
Þrep	2
Einingafjöldi	3
Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla	

Lýsing

Verkefnið er erlent samskiptaverkefni, HELP. HELP stendur fyrir Health and Ecology: Less Pollution. Í þessum hluta verkefnisins er unnið með endurvinnslu. Þemað er að efla vitund neytenda fyrir endurvinnslu og hvernig endurvinnslu er háttáð í heimalandinu. Farið er til Tenerife og unnið þar að litlum rannsóknum og úrvinnslu tengdum endurvinnslu. Undirbúningur felst í að safna kanna hver staða endurvinnslu er á Íslandi og í heimabyggð, undirbúa íslenska kvöldvöku og fleira sem við kemur samskiptum milli hópa. Úrvinnsla felst í að gera myndband um það sem fram fór meðan á heimsókninni stóð.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hvað átt er við með hugtakinu „endurvinnsla“
- hvernig endurvinnslumálum er háttáð á Íslandi og í heimabyggð
- • hvað gert er við „afurðir“ endurvinnslu
- hvar endurvinnsla er lengst komin á Íslandi og hvernig málum er háttáð þar
- hvernig hægt er að bæta endurvinnslu í heimabyggð
- hvað við sjálf leggjum af mörkum til endurvinnslu og hvernig við getum bætt okkur
- hvaða jákvæðu og neikvæðu áhrif við höfum á náttúruna og hvernig við getum dregið úr þeim neikvæðu og aukið þau jákvæðu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- taka þátt í hópverkefnum
- eiga samskipti innan eigin hóps og við aðra þátttakendur verkefnis
- tjá sig bæði munnlega og skriflega á þátttökutungumáli
- takast á við mismunandi aðstæður
- laga sig að hópnum sem hann/hún er í og leysa úr ágreiningi á jákvæðan hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í samstarfsverkefnum á vegum skólans
- kynna niðurstöður hópavinnu bæði á meðan á verkefni stendur og að því loknu
- vinna að sameiginlegu verkefni með ólíkum einstaklingum með mismunandi bakgrunn

Námsmat

Þátttaka og skil á verkefnum. Nauðsynlegt er að taka þátt bæði í undirbúningi, á vettvangi og í samantekt áfanga.

Skóla